

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. ágúst 2009
Tilvísun: UST20090700115/óaj

Lagning tveggja sæstrengja milli Landeyjarsands og Vestmannaeyja

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Samkvæmt erindinu er gert ráð fyrir að lagðir verði tveir nýir háspennustrengir milli lands og eyja og er reiknað með að þeir verði samsíða, með 15 m millibili. Hvor strengur samanstendur af 3x66 kV streng í landi, 66 kV sæstreng og 3x66 kV jarðstreng út í Vestmannaeyjum. Á Landeyjarsandi verða verða strengirnir grafnir í jörðu en samsetningarmúffa verður í um 200 m frá ströndinni. Í Vestmannaeyjum verða Strengirnir grafnir í jörðu frá Gjábakkafjöru og inn í Skansfjöru en dregnir í ídráttarrör gegnum Brimnesið á milli fjaranna. Strengir sem liggja neðansjávar verða fergðir með feringarmottum eða steypum sökkum þar sem þörf krefur en ekki er gert ráð fyrir að þeir verði grafnir eða sprengt fyrir þeim.


Í umfjöllun í erindinu um áhrif framkvæmda á umhverfið kemur m.a. fram að svæðið sem raskað verður „er ekki á náttúruminjaskrá og ekki er um að ræða jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar“. Að mati framkvæmdaraðila eru áhrif á landslag því óveruleg. Umhverfisstofnun bendir á að lagning sæstrengja í Gjábakkafjöru og Skansfjöru fellur innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Um er að ræða svæði nr. 723, Helgafell og Eldfell og er lýsing á svæðinu í náttúruminjaskrá eftirfarandi: „Helgafell og Eldfell, Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og móton lands.“ Umraðdar framkvæmdir í Gjábakkafjöru og Skansfjöru fela að mestu leyti í sér að lagningar verði grafnar í sand og að lagningar verði dregnar um ídráttarrör gegnum Brimnesið. Að mati Umhverfisstofnunar munu þær framkvæmdir hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Rafstrengur sem gert er ráð fyrir að liggi frá Rimakoti um Landeyjarsand til hafs mun liggja að hluta um gróið ræktað land en að mestu leyti um ógróinn sand. Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif framkvæmdarinnar á gróður líkleg til að verða óveruleg.

Að framansögðu er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdir sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson



Sigrún Ágústsdóttir

